

Móttaka andmæla

Samkvæmt tilkynningu í skoðunarskýrslu eiga andmæli að berast á netfangið mast@mast.is. Móttakandi vistar þau þá inn undir rétttri starfsstöð í málakerfi og gerir næsta yfirmann skoðunarmanns (héraðsdýralæknir eða fagsviðsstjóri) ábyrgan. Æskilegast er að móttakandi andmæla svari strax tilbaka: „andmæli móttakin og gert er ráð fyrir að niðurstaða verði tilkynnt innan 14 daga“. Ef andmæli berast á netfang starfsmanns þarf sá aðili að svara og vista rétt. Dragist af einhverjum ástæðum að svara andmælum er rétt að upplýsa andmælanda um slíkt.

Ábyrgðaraðili málsins tengir skoðunarmann við málið og aðra eftir þörfum (t.d. sérgreinadýralækni). **Það næsta sem hann gerir er að afvirkja sendingu á seinni skýrslu (ákvörðunarskýrslu) í Ísleyfi.**

Öll gögn og samskipti eru vistuð í málinu.

Efnisleg málsmeðferð hefst.

Leitað er álitis þriðja aðila á andmæltu atriði, eftir þörfum. Eftirlitsaðili safnar gögnum og rökstyður sitt mál og sendir til fagsviðsstjóra/héraðsdýralæknis. Leitað er til sérfræðinga, lögfræðinga eða annarra eftir þörfum.

Niðurstaða efnislegrar meðferðar

Niðurstaðan er að annaðhvort eru andmæli tekin til greina eða andmælum hafnað/ekki tekin til greina. Skriflegur rökstuðningur þarf að fylgja niðurstöðu.

Svar við andmælum við frávikum í skýrslu og framhaldsmeðferð

Fagsviðsstjórar/héraðsdýralæknir eru ábyrgir fyrir svari til andmælanda. Svarpóstur með niðurstöðu er sendur andmælanda innan 14 daga eða tölvupóstur um töf, ef það á við. Ef andmælum er hafnað þarf að tilkynna um niðurstöðuna og samtímis þarf að tilkynna kærurétt til ráðuneytis vilji eftirlitsþegi ekki sæta niðurstöðunni (staðlaður texti frá lögfræðingum sbr. „Hægt er að kæra ofangreinda ákvörðun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja“).

Ef niðurstaðan er að andmælin eru tekin til greina, þarf að gera nýja skýrslu í Ísleyfi, afgreidda frá skrifstofu, þar sem andmælt athugasemd er leiðrétt. Tilefni eftirlits er valið „Annað“ og skýring er andmæli v. frávíks. Ráðlagt er að tilkynna fleiri eftirlitsaðilum um niðurstöðuna sem þeir geta svo notað í eftirliti. Andmæli sem berast eru vistuð í málaskrá í máli sem stofnað á eftirfarandi hátt:

- Viðskiptavinur valinn (hægt að velja starfsstöð hér)
- Nýtt mál
- Starfsstöð valin
- Flokkun: Andmæli – málasniðmát
- Málasniðmát: Eftir því hvar eftirlitið fór fram (dýravelferð – gæludýr, fóður, frumframleiðsla, matvæli). Málalyklar fara eftir því hvað er valið hér.

Ef við á er frammistöðuflokkun fyrirtækisins tekin til skoðunar.

Fagsviðsstjóri/héraðsdýralæknir (eða eftir atvikum sérgreinadýralæknir) svarar andmælum í sínu nafni.